

1888, og af prestaskólanum 1890. Vígðist 1891 og varð prestur í Hofteigs og Brúarsóknum (á æskustöðvum sínum), 1904 var honum veitt Desjarmýrarprestakall, súkti hann um það af því að honum hafði verið ráðlagt heilsunnar vegna að komast að sjó. Keypti hann þá jörðina Bakka í Borgarfirði, og bjó þar það er eftir var æfinnar.

Fyrst eftir að sra Einar sál. varð prestur, ljet hann mjög lítið á sjer bera. Hann stundaði embætti sitt alúð og skyldurækni, og ávann sjer brátt vinsæld og virðing sóknar barna sinna. Búskapurinn fór honum mjög vel úr hendi, og græddist honum svo fje þau 14 ár er hann var í Hofteigi að hann var orðinn með efnuðustu búendum. Heimili hans var hið skemmitilegasta, og ætis hafði hann nóg verkafólk þó aðrir kvörtuðu um vinnufólks leysi. Var það ekki af því að hann ljeti fólk sitt vinna minna en aðrir. En bæði galt hann því kaup, eins og þeir er það gjörðu bezt, og svo voru þau hjónin bæði samtaka í því að umgangast vinnufolk sitt, eins og jafningja sína. En brátt fór sra. Einar að taka þátt í sveitar- og sýslumálum, og kom það þegar í ljós að hann var bæði skarpskygn og frantakssamur í öllu því er hann lagði hönd og hug á. Samvinnuþýður, en þó einbeittur.

Það var ekki fyr en á árunum 1897 og 98 að hann fór nokkuð að mun að gefa sig að landsmálum. Það var eins og hann væri sjer ekki að fullu meðvitandi um starfs hæfileika sína í þeim efnunum, enda var hann í hvívetna yfirlætislaus maður og hafði megnasta viðbjóð á öllum uppskafningshætti og spjátrungs-skap og gat oft verið bituryrtur í garð þeirra er vildu sýnast annað og meira en þeir voru. Fyrstu afskipti hans af stjórn-málum voru lítt löguð til að afla honum fylgis í bráð. Hann snjerist í flokk Dr. Valtýs Guðmundssonar, er þá var að byrja stjórn-málastefnu þá er síðan er við hann kennid og kölluð "Valtýzka." Á þeim árum hafði alþýða manna tröllatrú á stjórn-málastefnu Benidikts sál Sveinssonar. Mælska hans og brenn-andi föðurlandsást hafði gagntekið þjóðina, og kalla mátti að hver sá væri álitinn "vargur í vjeum" er aðra skoðun hafði en hann. En um þetta leyti voru ýmsir hyggnir stjórn-málamenn